



Vinnuverndarskóli
Íslands

ÖRYGGI ER ALLRA HAGUR

Námsframboð haustið 2021

Yfirlit yfir námsframboð

Vinnuverndarskóli Íslands - haust 2021

- 1 Vinnuverndarskóli Íslands
- 2 Nýjar fjarnámsleiðir
- 3 Dagskrá haustið 2021
- 4 Grunnnámskeið vinnuvéla
- 5 Skipskrananámskeið
- 6 Öryggi í vöruhúsum
- 7 Námskeið um lyftara og tinslutæki sem eru ekki réttindaskyldar vinnuvélar
- 8 Vinnuvernd 101
- 9 Brúskrananámskeið
- 10 Áhættumat
- 11 Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir
- 12 Vinnuverndarnámskeið fyrir stjórnendur
- 13 Verkstjóranámskeið
- 14 Vinnuslys
- 15 Vinna í hæð - fallvarnir
- 16 Vinna í lokuðu rými
- 17 Vinnuverndarstarf á skrifstofu
- 18 Einelti og áreitni, stefna og viðbragðsáætlun
- 19 Öryggismenning
- 20 Öryggisnámskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslu
- 21 Öryggisnámskeið fyrir stjórnendur í fiskvinnslu
- 22 Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði
- 23 Námskeið um hreinlæti og sóttvarnir
- 24 Heit vinna - Logaleyfi
- 25 Hættuleg efni



Vinnuverndarskóli Íslands

Aðgengileg vinnuverndarfræðsla sem lagar sig að þörfum atvinnulífsins.

Vinnuverndarskóli Íslands sérhæfir sig í sveigjanlegri og skilvirkri vinnuverndarfræðslu sem lagar sig að þörfum hvers fyrirtækis fyrir sig. Leiðbeinendur búa yfir áralangri reynslu af vinnuverndarfræðslu og byggja námskeið skólans á nýstárlegum kennsluháttum Keilis. Skólinn hóf starf sitt við upphaf árs 2020 og hefur úrval námskeiða farið stöðugt vaxandi síðan þá. Nemendur fá aðgang að öllu námsefni og kennslustundum rafrænt áður en námskeið hefst og koma því undirbúnir í vinnustofur sem gerir námið skilvirkara og hagkvæmara. Fá þeir þannig að njóta fyrsta flokks fræðslu sem mótuð er innan formlegs skólakerfis í nýstárlegu og notendavænu umhverfi. Með þessu er komið til móts við þarfir fyrirtækja og fjarvera starfsfólks frá vinnustað verður minni. Boðið er upp á námskeið í fjanámi, staðnámi og blöndu af fjar- og staðnámi.

Verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands er Guðmundur Kjerúlf. Guðmundur hefur langa reynslu af utanumhaldi námskeiða og fræðslutengdrar starfsemi sem snýr að vinnuvernd, meðal annars við kennslu, gerð fræðsluefnis og þróunarstarfs. Á undanförunum árum hefur Guðmundur haldið röð fyrirlestra um vinnuverndarmál, svo sem um vinnuslys, áhættumat, félagslegt og andlegt vinnumhverfi, einelti, streitu, öryggismenningu og ofbeldi. Þá hefur hann haldið fjölda erinda á ráðstefnum fyrir hönd Vinnueftirlitsins, ásamt því að sitja í fjölda vinnuhópa og sérfræðiteymum um vinnuverndarmál.

Eggert Björgvinsson er kennari við Vinnuverndarskólann. Eggert hefur marga ára reynslu af vinnuverndarkennslu og gerð fræðsluefnis um vinnuverndarmál. Hann er einnig vélstjóramenntaður og er sérfræðingur í vinnuvernd og öryggismálum vinnuvéla s.s. lyfturum, gröfum, krönum o.fl.



Nýjar fjarnámsleiðir




Grunnnámskeið vinnuvéla
á ensku og pólsku



Öryggi í vöruhúsum



Skipskrananámskeið



Námskeið um lyftara og tinslutæki
sem eru ekki réttindaskyldar vinnuvélar

Opin fjarnámskeið - Hefðu nám hvenær sem er og stundaðu á eigin hraða

Á opnum fjarnámskeiðum Vinnuverndarskóla Íslands geta nemendur skráð sig og hafið nám samdægurs. Allt efni er aðgengilegt um leið og hægt er að skoða það eins oft og hver og einn þarf. Árangur innan opinna námskeiða er iðulega mældur með stuttum krossaprófum sem ljúka þarf áður en haldið er áfram í næsta hluta efnisins.

Nánari upplýsingar um námframboð og dagskrá Vinnuverndarskólans er að finna á næstu síðum.

Dagskrá haustið 2021

Vinnuverndarskóli Íslands

15. september	Vinna í hæð - Fallvarnir
22. september	Bóklegt lokapróf - Grunnnámskeið Vinnuvéla
23. september	Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði
28. september	Námskeið um áhættumat í fjarnámi
6. október	Námskeið um vinnuslys
14. október	Námskeið um vinnu í lokuðu rými
20. október	Bóklegt lokapróf - Grunnnámskeið Vinnuvéla
21. október	Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði
27. október	Verkstjóranámskeið
4. nóvember	Námskeið um öryggismenningu
16. nóvember	Einelti og áreitni, stefna og viðbragðsáætlun
18. nóvember	Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði
24. nóvember	Bóklegt lokapróf - Grunnnámskeið Vinnuvéla
25. nóvember	Vinnuverndarnámskeið fyrir stjórnendur
2. desember	Námskeið um áhættumat
9. desember	Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði
15. desember	Bóklegt lokapróf - Grunnnámskeið Vinnuvéla
19. janúar	Bóklegt lokapróf - Grunnnámskeið Vinnuvéla
20. janúar	Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði

Skráning og frekari upplýsingar á www.vinnuverndarskoli.is





Grunnnámskeið vinnuvéla

Vinnuverndarskóli Íslands kennir grunnnámskeið vinnuvéla í gagnvirku fjarnámi. Að námskeiði loknu hljóta þátttakendur bókleg réttindi á allar stærðir og gerðir vinnuvéla sem eru réttindaskyldar á Íslandi.


Þátttakendur á grunnnámskeiði vinnuvéla:

- Hefja nám þegar þeim hentar
- Læra þegar þeir vilja
- Geta skoðað efnið eins oft og þeir þurfa eða vilja
- Hljóta viðtæk atvinnuréttindi
- Fá miklar upplýsingar um öryggi við vinnuvélar
- Læra um notkun og umhirðu vinnuvéla
- Öðlast ríka þekkingu á vinnuvernd og öryggismálum

Að námskeiðinu loknu geta þátttakendur hafið verklegt nám á allar gerðir réttindaskyldra vinnuvéla undir leiðsögn leiðbeinanda sem hefur kennsluréttindi. Þegar verklegri þjálfun er lokið er óskað eftir prófdómara frá Vinnueftirlitinu. Öll verkleg þjálfun og verkleg próf fara fram á vinnustöðum nemanda. Þátttakendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri til þess að taka námskeiðið en til þess að hljóta fullgild vinnuvélaréttindi þarf viðkomandi að vera orðinn 17 ára og hafa bílpróf.

Námskeiðið kostar 68.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum.

[Skráning á námskeið](#)



Skipskrananámskeið

Vinnuverndarskóli Íslands heldur námskeið um uppbyggingu og notkun skipskrana. Það þarf ekki réttindi til að stjórna krönum um borð í skipum eins og þarf til að stjórna flestum krönum í landi. Vinnuverndarskólinn mun bjóða upp á sambærilegt námskeið fyrir skipskrana eins og boðið er fyrir krana í landi. Vinnuverndarskólinn heldur reglulega námskeið um alla krana sem eru réttindaskyldir á Íslandi.

Við gerð námskeiðsins var m.a. stuðst við norska staðla og kröfur. Hilmar Snorrason skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna las námskeiðið yfir og kom með margar góðar ábendingar. Fulltrúar Samgöngustofu lásu námskeiðið yfir, bentu á efni og komu með góðar ábendingar og tillögur. Vinnuverndarskólinn færir Samgöngustofu og Hilmar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Námskeið um skipskrana skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hluti fjallar um lög og reglugerðir sem tengjast öryggismálum skipskrana. Annar hluti fjallar um vinnuverndarstarf og öryggismál um borð í skipum. Þriðji hluti fjallar m.a. um víra í krönum, ásláttarbúnað, eðlisfræði, uppbyggingu og notkun skipskrana o.fl.

Námskeiðið getur farið að hluta eða að öllu leyti fram í fjarnámi. Nemendur horfa og hlusta á stutta fyrirlestra og taka svo jafnóðum krossapróf úr efninu. Reikna má með að það taki um 4 klst. að klára námskeiðið en hver og einn fer í gegnum efnið á sínum hraða.

Verð á bóklegu námskeiði fyrir einstakling er 25.000 kr. en námskeiðið er fyrst og fremst hugsað fyrir hópa frá sama fyrirtæki. Boðið er upp á afslátt fyrir stærri hópa. Hægt er að sniða uppbyggingu námskeiðsins að þörfum hvers fyrirtækis eftir frekara samkomulagi.



Öryggi í vöruhúsum

Á námskeiðinu er fjallað um vinnuverndarstarf, öryggismál, áhættumat, skráningu og tilkynningu slysa í vöruhúsum o.fl. Hvaða slys eru algengust í vöruhúsum og hvernig má koma í veg fyrir þau? Hvernig er hægt að minnka líkamlegt álag? Hvernig öryggismenning er byggð upp og haldið við? Námskeiðið var unnið í samstarfi við Guðmund Oddgeirson öryggis- og vinnuverndarfulltrúa Aðfanga

Fyrir hverja er námskeiðið?

Alla sem vinna í vöruhúsum.

Ávinningur

Þátttakendur öðlast aukna þekkingu á vinnuverndarmálum og hverig má fækka slysum og óhöppum í vöruhúsum, læra um góða umgengni á vinnustað og meðferð á vöru. Þátttakendur fá innsýn í hvernig má byggja upp góða öryggismenningu.

Lengd

3 klst. í Teams eða í fullu fjarnámi.


Verð

Verð fer eftir fjölda þátttakenda. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum í kennslustofu eða Teams.

Námskeiðið skiptist í 12 kafla

1. Kynning, lög og reglugerðir
2. Vinnuverndarstarf
3. Áhættumat í vöruhúsum
4. Skráning og tilkynning vinnuslysa
5. Helstu forvarnir vegna vinnuslysa í vöruhúsum
6. Að vinna á og kringum lyftara
7. Vinnuumhverfi vöruhúsa
8. Vörubretti og plöstunarárveðar
9. Fall úr hæð – Fallvarnir- tinslutæki
10. Líkamsbeiting
11. Hættuleg efni
12. Öryggismenning

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.



Námskeið um lyftara og tínslutæki sem eru ekki réttindaskyldar vinnuvélar

Það eru til margar gerðir litilla lyftara og tínslutækja sem eru ekki réttindaskyldar vinnuvélar eins og hefðbundnir lyftarar. Tækin eru skráð og skoðuð árlega af Vinnueftirlitinu, þau eru í skráningarflokkum S og V. Því miður hafa slys verið algeng við notkun þessara tækja. Hættan af þessum tækjum er oft vanmetin vegna þess að þau eru minni og léttari en hefðbundnar vinnuvélar. Tækin eru þyngri en fólk heldur og hreyfast hratt, því geta þau verið mjög hættuleg.

Farið er yfir lög og reglur sem gilda um þessi tæki, kennt er um uppbyggingu tækjanna, hvernig á að nota þau og umgangast. Einnig er kennt um rafgeyma, hleðsluklefa, vörubretti og plöstunarárveðar. Að lokum eru sett fram viðmið um hvernig er gott að haga verklegri kennslu á þessi tæki. Námskeiðið var unnið í samstarfi við Guðmund Oddgeirson öryggis- og vinnuverndarfulltrúa Aðfanga.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Alla sem vinna á vinnuvélum sem eru ekki réttindaskyldar og þá sem umgangast slíkar vélar.

Ávinningur

Aukin þekking á vinnuvélum sem eru ekki réttindaskyldar, uppbyggingu þeirra og notkun. Góður möguleiki á að fækka slysum og óhöppum. Betri þekking og meðferð á tækjunum og vöru sem er meðhöndluð.

Lengd

2 klst. í fullu fjarnámi eða í fjarkennslu gegnum Teams.

Verð

Námskeiðið er hugsað fyrir hópa og verð ræðst af fjölda þátttakenda.

Uppbygging námskeiðsins:

1. Kynning, lög og reglur
2. Uppbygging mismunandi lyftara sem eru ekki réttindaskyldir
3. Notkun lyftara sem eru ekki réttindaskyldir
4. Uppbygging tínslutækja sem eru ekki réttindaskyld
5. Notkun tínslutækja sem eru ekki réttindaskyld
6. Rafgeymar og hleðsluklefar
7. Meðferð og notkun á vörubrettum o.fl.

Viðauki: Viðmið vegna þjálfunar á tæki sem eru ekki réttindaskyld

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.



Vinnuvernd 101

Námskeiðið Vinnuvernd 101 fjallar um grundvallaratriði í starfsumhverfi og vinnuskipulagi til að stuðla að öryggi og velliðan starfsfólks.

Námið er einnig í boði á ensku.

Námskeiðið er hugsað fyrir allt starfsfólk vinnustaða svo allir hafi breiða almenna þekkingu á vinnuvernd og öryggismálum. Fjallað verður um það sem lög og reglugerðir segja að allir vinnustaðir verði að uppfylla.

Á námskeiðinu verður farið yfir það sem skiptir mestu máli á stuttan og hnitmiðaðan máta. Meðal annars verður fjalla um:

- Vinnuverndarstarf sem þarf að fara fram á öllum vinnustöðum
- Skipan og hlutverk öryggisnefnda, öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða
- Skipulag og kröfur varðandi áhættumat starfa
- Hvaða vinnuslys á að skrá og tilkynna
- Helstu forvarnir vegna vinnuslysa
- Sálfélagslegt áhættumat, stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni
- Líkamlegt álag, hávaða, loftræstingu og meðferð hættulegra efna.
- Þátttakendur fá send námsgögn í tölvupósti, hlekkir á þrjá bæklinga sem þeir lesa og 6 fyrirlestra, u.þ.b. 40 mín. samtals sem þeir horfa á. Að lokum taka þátttakendur stutt gagnvirk trossapróf úr efninu.

Verð fyrir einstakling er 12.900 kr. en námskeiðið er fyrst og fremst hugsað fyrir hópa frá sama fyrirtæki en boðið er upp á afslátt fyrir stærri hópa. Þá er hægt að sniða námskeiðið sérstaklega að hverjum vinnustað fyrir sig eftir frekara samkomulagi.

[Skráning á námskeið](#)



Brúkrananámskeið

Brúkranar eru vinnuvélar í skráningarflokki C. Brúkrani er ekki réttindaskyld vinnuvél en mörg fyrirtæki vilja að starfsfólk fari á námskeið um slík tæki. Þetta eru stundum stórir kranaar sem geta lyft yfir 200 tonnum.

Álver og flest orkufyrirtæki vilja að þeir sem vinna fyrir þá hafi farið á námskeið um brúkrana. U.þ.b. 400 manns frá Norðuráli hafa farið á brúkrananámskeið hjá Vinnuverndarskólanum.

Brúkrananámskeið Vinnuverndarskólans fer alfarið fram í fjarnámi, þar sem nemendur horfa og hlusta á stutta fyrirlestra þegar þeir vilja. Það er ekkert lokapróf á námskeiðinu heldur taka nemendur jafnóðum próf eftir hvern hluta.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hluti fjallar um lög og reglur. Annar hluti fjallar um vinnuverndarstarf og forvarnir vegna vinnuslysa. Þriðji hluti fjallar um allar gerðir brúkrana, eðlisfræði, hífivir, ásláttarbúnað o.fl. Reikna má með að það taki 3-4 klst. að klára námskeiðið.

Verð fyrir einstakling er 14.900 kr. en hægt er að sniða námskeiðið sérstaklega að hverjum vinnustað fyrir sig eftir frekara samkomulagi.

[Skráning á námskeið](#)



Áhættumat

Farið er yfir þrjú meginatriði áhættumats, þ.e. skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði, áhættumat (greining og mat) og áætlun um heilsuvernd (úrbætur). Kennd er einföld og markviss aðferð „sex skref við gerð áhættumats“ sem byggist á notkun vinnuumhverfisvísa/gátlista.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið er fyrir starfsmenn allra vinnustaða sem hafa hug á að gera áhættumat og þá sem hafa áhuga á að kynna sér gerð áhættumats á vinnustöðum.

Ávinningur

Þátttakendur öðlast aukna þekkingu á vinnuverndarmálum og eiga auðvelt með að gera áhættumat á vinnustaðnum sínum eftir námskeiðið.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 3 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 20.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

Næstu námskeið eru sem hér segir:

- Þriðjudaginn 28. september, kl. 13-16 (í fjarnámi)
- Fimmtudaginn 2. desember, kl. 13-16 (í fjarnámi)

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

[Skráning á námskeið](#)



Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir

Vinnuverndarlögin (46/1980) eru kynnt og helstu reglugerðir sem settar eru í samræmi við þau.

Farið verður yfir helstu málaflokka vinnuverndarstarfs og fjallað ítarlega um gerð áhættumats á vinnustöðum.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið er fyrir alla vinnustaði sem hafa öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði og þá sem hafa áhuga á vinnuverndarmálum og vilja bæta hjá sér vinnuumhverfið

Ávinningur

Aukin þekking á vinnuverndarmálum og tækifæri til að bæta vinnuumhverfi sitt, fækka slysum og veikindadögum og stuðla að bættum starfsanda.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams. Náms efnið sem þátttakendur fá sent viku fyrir útsendingu í Teams er ítarlegt, námskeiðið í heild samsvarar 2 daga námskeiði í kennslustofu. Með því að ljúka námskeiðinu í Teams er hvatt til samræðu og spurninga sem er ekki hægt að bjóða upp á í fullu fjarnámi.

Verð

Námskeiðið kostar 34.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu.

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

Næstu námskeið eru sem hér segir:

- **Fimmtudaginn 23. september, kl. 13-15**
- **Fimmtudaginn 21. október, kl. 13-15**
- **Fimmtudaginn 18. nóvember, kl. 13-15**
- **Fimmtudaginn 9. desember, kl. 13-15**
- **Fimmtudaginn 20. janúar, kl. 13-15**

*Öll námskeið fara fram í fjarnámi

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

[Skráning á námskeið](#)



Vinnuverndarnámskeið fyrir stjórnendur

Farið er yfir ábyrgð og skyldur stjórnenda varðandi það að gæta fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Vinnuverndarlögin nr. 46/1980 eru kynnt og helstu reglugerðir sem falla undir þau.

Á námskeiðinu er farið yfir helstu málaflokka vinnuverndarinnar, s.s. áhættumat, hávaða, lýsingu, inniloft, efnahættur, líkamlega áhættuþætti, félagslega og andlega áhættuþætti, vinnuslys og slysavarnir. Sérstaklega verður fjallað um stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Alla stjórnendur fyrirtækja og stofnana.

Ávinningur

Aukin þekking á ábyrgð og skyldum stjórnenda varðandi vinnu og vinnuumhverfi. Þekking á vinnuverndarmálum og tækifæri á að bæta hjá sér vinnuumhverfið. Góður möguleiki á að fækka slysum og veikindadögum og stuðla þannig almennt að betri liðan starfsfólks.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 14.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

Næstu námskeið eru sem hér segir:

- **Fimmtudaginn 25. nóvember, kl. 13-15 (í fjarnámi)**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

[Skráning á námskeið](#)



Verkstjóranámskeið

Farið er yfir ábyrgð og skyldur verkstjóra á vinnustað. Allur búnaður á að vera góður og öruggt skipulag verður að ríkja á vinnustað sem verkstjóri hefur umsjón með.

Vinnuverndarlögin nr. 46/1980 eru kynnt og helstu reglugerðir sem falla undir þau.

Farið er yfir helstu málaflokka vinnuverndar, s.s. áhættumat, hávaða, lýsingu, inniloft, efni og efnahættur, líkamlega áhættuþætti, félagslega og andlega áhættuþætti, einelti og áreitni, vinnuslys og notkun persónuhlífa. Talað verður sérstaklega um ábyrgð og skyldur verkstjóra á vinnu ungs fólks.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Alla verkstjóra, flokkstjóra og aðra stjórnendur fyrirtækja.

Ávinningur

Aukin þekking á ábyrgð og skyldum verkstjóra varðandi vinnu og vinnuumhverfi. Þekking á vinnuverndarmálum, tækifæri til að bæta hjá sér vinnuumhverfið og fækka slysum og veikindadögum.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 14.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

Næstu námskeið eru sem hér segir:

- **Miðvikudaginn 27. október, kl. 13-15 (í fjarnámi)**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

[Skráning á námskeið](#)



Vinnuslys

Hvað er vinnuslys, óhapp og næstum því slys? Hvaða vinnuslys á að skrá innanhúss og hvaða vinnuslys á að tilkynna Vinnueftirlitinu? Hvers vegna er mikilvægt er að skrá vinnuslys skipulega og miðla upplýsingum um þau?

Fjallað er um orsakir og tíðni vinnuslysa og helstu forvarnir til að koma í veg fyrir þau.

Hugmyndafræði „Safety 2“ er kynnt stuttlega en það er ný nálgun á því hvernig má koma í veg fyrir vinnuslys. Nemendur gera hópverkefni og greina orsakir vinnuslysa.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið er hugsað fyrir starfsfólk allra vinnustaða sem vilja reyna að koma í veg fyrir vinnuslys og bæta hjá sér vinnuumhverfið.

Ávinningur

Aukin þekking á vinnuslysum og góður möguleiki á að koma í veg fyrir þau eða fækka þeim.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 16.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

Næstu námskeið eru sem hér segir:

- **Miðvikudaginn 6. október,**
kl. 13-15 (í fjarnámi)

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

[Skráning á námskeið](#)



Vinna í hæð - Fallvarnir

Meginmarkmið námskeiðsins er að kynna þátttakendum fjölda leiða sem hægt er að nota til að koma í veg fyrir fall úr hæð. Meðal annars er fjallað um frágang vinnupalla, notkun mannskarfa á vinnuvélum, skæralyftur, körfukrana, stiga, öryggisbelti og línu o.fl.

Fjallað verður itarlega um nýlega reglugerð um röraverkpalla (2018). Hægt er að fá námskeiðið metið sem hluta af námskeiði um röraverkpalla.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Alla sem þurfa að vinna í hæð eða eru að skipuleggja vinnu í hæð.

Ávinningur

Aukin þekking á fallvörnum og meiri líkur á að koma í veg fyrir fallslys úr hæð.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 14.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar


Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

Næstu námskeið eru sem hér segir:

- **Miðvikudaginn 15. september, kl. 13-15 (í fjarnámi)**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

[Skráning á námskeið](#)



Vinna í lokuðu rými

Hvað er lokað rými og hvaða hættur geta myndast þar?

Fjallað er um mikilvægi þess að gera áhættumat áður en vinna hefst í lokuðu rými. Hvaða búnaður á að vera til staðar og hvenær þarf að gefa út gaseyðingarvottorð? Farið verður yfir notkun gasmæla og kynntur er gátlisti sem ber að fylla út áður en vinna hefst í lokuðu rými. Að lokum verður farið yfir mikilvægi lúguvaktar og hvaða neyðarbúnaður á að vera til staðar til að bjarga fólki úr lokuðu rými.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Alla sem þurfa að vinna í eða með þeim sem vinna í lokuðu rými.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 1 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 12.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnu í kennslustofu.

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

Næstu námskeið eru sem hér segir:

- **Fimmtudaginn 14. október, kl. 13-14 (í fjarnámi)**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

[Skráning á námskeið](#)



Vinnuverndarstarf á skrifstofu

Á námskeiðinu er farið er yfir vinnuverndarstarf sem á að fara fram á öllum vinnustöðum.

Fjallað er um áhættumat á skrifstofum og farið er yfir fimm meginsvið þess. Mest áhersla er lögð á líkamsbeitingu við tölvuvinnu og umhverfispætti s.s. inniloft og loftræstingu, hita, hávaða og lýsingu. Hvað er gott og aðlaðandi vinnuumhverfi? Gildi heilsueflingar, hlé- og styrktaræfinga skipta miklu máli í vinnu. Einnig er fjallað um andlegt og félagslegt vinnuumhverfi, heilsueflingar, hlé- og styrktaræfingar, einelti og áreitni. Kynnt er stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið hentar öllum starfsmönnum skrifstofa

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 15.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnu í kennslustofu.

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

[Skráðu þig á póstlistann](#) og fáðu tilkynningar þegar nýjum námskeiðum er bætt við.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.



Einelti og áreitni, stefna og viðbragðsáætlun

Á námskeiði Vinnuverndarskóla Íslands um einelti og áreitni, stefnu og viðbragðsáætlun er meðal annars fjallað um:

- Hvernig einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi eru skilgreind
- Hvað vinnustaðir geti gert til þess að draga úr líkum á einelti og áreitni
- Skyldur vinnustaða við gerð sálfélagslegs áhættumats
- Mikilvægi þess að taka markvisst á slíkum málum, komi þau upp

Nemendur vinna verkefni um stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni á vinnustað.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið er fyrir starfsfólk meðalstórra og stærri fyrirtækja (a.m.k. 10 starfsmenn og fleiri) en allir sem hafa áhuga á efniinu eru velkomnir.

Ávinningur

Meiri þekking á einelti og áreitni og tengslum þess við vinnuumhverfi og vinnuskipulag. Þekking á því hvernig á að gera stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 14.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi. Næstu námskeið eru sem hér segir:

- **Þriðjudaginn 16. nóvember, kl. 13-15 (í fjarnámi)**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands

[Skráning á námskeið](#)



Öryggismenning

Miklar framfarir hafa náðst síðustu áratugi í efnislegu og tæknilegu öryggi á vinnustöðum t.d. við hönnun vinnustaða, véla og tækja. Til þess að ná lengra í öryggismálum og fækka vinnuslysum enn frekar þarf að beita nýjum aðferðum.

Það þarf að skoða sálræna og félaglega þætti í samspili við vinnuskipulag og vinnuumhverfi.

Á þessu námskeiði er gerð grein fyrir því hvernig hægt er að innleiða öryggismenningu á vinnustað, þ.e. breyta hugsun og hegðun starfsmanna og stjórnenda til langs tíma. Efnið er byggt á sænskri aðferðafræði sem kallast „Byggt á öryggi“ en gefin var út bæklingur árið 2009 með sama heiti. Hugmyndafræði „Safety II“ verður einnig kynnt.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið er hugsað fyrir lengra komna í vinnuverndarmálum, t.d. öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði, verkstjóra og stjórnendur. Gert er ráð fyrir því að nemendur þekki hlutverk öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða og kunni góð skil á áhættumati.

Ávinningur

Þátttakendur kynnst nýrri hugmyndafræði til að auka öryggi á vinnustaðnum og fækka vinnuslysum.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 14.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu


Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi. Næstu námskeið eru sem hér segir:

- **Fimmtudaginn 4. nóvember, kl. (13-15 í fjarnámi)**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

[Skráning á námskeiði](#)



Öryggisnámskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslu

Farið er yfir ábyrgð og skyldur starfsfólks á vinnustað. Vinnuverndarlögin nr. 46/1980 eru kynnt og helstu reglugerðir sem falla undir þau.

Fjallað verður um vinnuverndarstarf, öryggisnefndir, áhættumat, notkun persónuhlífa, notkun hnífa, hávaða, lýsingu, hættuleg efni og inniloft, líkamsbeitingu, andlegt og félagslegt vinnumhverfi, einelti og áreitni. Sérstaklega verður farið yfir forvarnir vegna vinnuslysa með áherslu á vélar og tæki og notkun vinnuvéla.

Fyrir hverja er námskeiðið?
Allt starfsfólk hjá fiskvinnslufyrirtækjum.

Ávinningur

Aukin þekking á vinnuverndarmálum og tækifæri á að bæta vinnumhverfið, fækka slysum og veikindadögum.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 2 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið er hugsað fyrir hópa og verð ræðst af fjölda þátttakenda.

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

[Skráðu þig á póstlistann](#) og fáðu tilkynningar þegar nýjum námskeiðum er bætt við.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.



Öryggisnámskeið fyrir stjórnendur í fiskvinnslu

Farið er yfir ábyrgð og skyldur stjórnanda á vinnustað. Allur búnaður á að vera góður og öruggt skipulag verður að ríkja á vinnustað sem stjórnandi hefur umsjón með.

Vinnuverndarlögin nr. 46/1980 eru kynnt og helstu reglugerðir sem falla undir þau. Fjallað verður um vinnuverndarstarf, öryggisnefndir og áhættumat, hávaða, lýsingu, hættuleg efni og inniloft, líkamsbeitingu, andlegt og félagslegt vinnumhverfi, einelti og áreitni.

Sérstaklega verður farið yfir forvarnir vegna vinnuslysa með áherslu á vélar, tæki og vinnuvélar. Að lokum verður fjallað um ábyrgð stjórnenda á öryggismenningu.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið hentar stjórnendum í fiskvinnslu sem vilja bæta hjá sér vinnumhverfið, fækka slysum og veikindadögum.

Ávinningur

Aukin þekking á ábyrgð og skyldum stjórnenda varðandi vinnu og vinnumhverfi. Einnig þekking á vinnuverndarmálum og tækifæri á að bæta hjá sér vinnumhverfið, fækka slysum, veikindadögum og stuðla almennt að betri líðan starfsmanna.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 5 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 31.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

[Skráðu þig á póstlistann](#) og fáðu tilkynningar þegar nýjum námskeiðum er bætt við.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.



Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði

Á byggingarvinnustað þar sem samtímis starfa tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar og starfsmenn eru fleiri en tíu skal verkkaupi (eða fulltrúi hans) sjá til þessa að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun. Slíka áætlun skal einnig gera ef byggingarvinna er hættuleg. Áætlunin skal liggja fyrir áður en vinna hefst.

Tilgangurinn með þessari áætlun er að tryggja samræmt vinnuverndarstarf allra sem vinna á staðnum til að auka öryggi við framkvæmd vinnunnar. Áætlunin er einnig stjórnþæki fyrir sameiginlegt öryggisstarf á vinnustaðnum. Í áætluninni skal m.a. greina þær hættur sem kunna að vera til staðar með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og hvaða forvarnir verða gerðar.

Fjallað verður um tengsl öryggis- og heilbrigðisáætlunar á byggingarvinnustað og „áhættumats starfa“ samkvæmt reglugerð nr. 920/2006.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Verkkaupa, samræmingaraðila á byggingarvinnustað, byggingarstjóra, öryggisstjóra, verkstjóra og alla áhugasama um öryggismál við byggingarvinnu.

Ávinningur

Eftir námskeiðið geta nemendur gert öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir alla hefðbunda byggingarvinnustaði.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 3 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 19.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

[Skráðu þig á póstlistann](#) og fáðu tilkynningar þegar nýjum námskeiðum er bætt við.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands



Námskeið um hreinlæti og sóttvarnir

Vinnuverndarskóli Íslands og AP-þrif hafa í sameiningu mótað námskeið um hreinlæti og sóttvarnir á vinnustöðum. Námskeiðið er alfarið kennt í fjarnámi, það er stutt, einfalt og lýkur með krossaprófi. Námsefnið er samanstendur af fyrirlestrum og itarefni með myndböndum.

Að námskeiði loknu ættu þátttakendur að:

- Þekkja leiðir til þess að bæta umgengni á vinnustað
- Skilja mikilvægi aukins hreinlætis
- Hafa að bera skilning á bakteríum og veirum
- Þekkja smitleiðir sjúkdóma
- Þekkja markmið og leiðir til sóttvarna
- Kunna að nota hanska og grímur á réttan hátt
- Kunna rétta framkvæmd handþvotts og vita hvers vegna hann er mikilvægur

Hver og einn fer í gegnum námið á sínum hraða en til þess að standast námskeiðið þarf að ljúka krossaprófi með einkunn upp á 8 að lágmarki. Námskeiðið tekur um klukkustund og aðalkennari þess er Guðný Birna Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Verð fyrir einstakling er 11.900 kr. en námskeiðið er fyrst og fremst hugsað fyrir hópa frá sama fyrirtæki en boðið er upp á afslátt fyrir stærri hópa.

[Skráning á námskeið](#)



Heit vinna - Logaleyfi

Farið er yfir mismunandi tegundir af heitri vinnu. Nemendum er gerð grein fyrir hættum sem tengjast heitri vinnu. Nemendum er kennt mikilvægi verklags við heita vinnu til þess að koma í veg fyrir óhöpp og vinnuslys. Kynntar eru reglur og gögn um heita vinnu. Nemendum eru kynntar skyldur og ábyrgð, verkkaupa, verksala og starfsmanna við heita vinnu. Farið er yfir búnað sem notaður er við heita vinnu og hvernig skal velja hann fyrir mismunandi aðstæður.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Alla sem vinna heita vinnu.

Ávinningur

Aukin þekking á kröfum, búnaði og verklagi við heita vinnu.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 3 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 16.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnustofu

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

[Skráðu þig á póstlistann](#) og fáðu tilkynningar þegar nýjum námskeiðum er bætt við.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands



Hættuleg efni

Á námskeiði um vinnu með hættuleg efni er fjallað um meðferð, leiðbeiningar, merkingar, umbúðir, notkun og geymslu efna.

Farið er yfir öryggisblöð og hvernig megi nálgast þau ásamt mengunarmörkum og gildi góðrar loftræstingar. Þá er fjallað um notkun persónuhlífa og mikilvægi aðgengis að neyðarbúnaði vegna efnaslysa s.s. neyðarsturtu og augnskoli. Þá verður tölfræði efnaslysa könnuð.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Námskeiðið hentar öllum sem vinna með eða í kringum hættuleg efni.

Lengd

Undirbúningur heima eða á vinnustað og 1 klst. í fjarfundi á Microsoft Teams

Verð

Námskeiðið kostar 11.900 kr. Innifalin eru öll námsgögn, aðgangur að kennslukerfi og fyrirlestrum, ásamt vinnu í kennslustofu.

Dagsetningar

Námskeiðið er haldið reglulega í fjarnámi. Einnig er hægt að halda námskeiðið fyrir einstök fyrirtæki eftir nánara samkomulagi.

[Skráðu þig á póstlistann](#) og fáðu tilkynningar þegar nýjum námskeiðum er bætt við.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands.

Frekari upplýsingar um Vinnuverndarskóla Íslands
og námsframboð hans veita:

Guðmundur Kjerúlf - verkefnastjóri Vinnuverndarskóla Íslands
gudmundurk@keilir.net // 897 0133

Eggert Björgvinsson - kennari Vinnuverndarskóla Íslands
eggert.b@keilir.net // 897 1179



Við erum á Facebook!
/vinnuverndarskolinn